

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
VESTURLANDSDEILD

## BÚDARDALSA

Rannsókn á uppeldis- og  
hrygningarskilyrðum fyrir lax

SIGURDUR MÁR EINARSSON

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

BB-V/86007  
Búðardalsári, nóvember 1986

Unnið fyrir  
Veiðifélag  
Búðardalsár

## 1. INNGANGUR

Að beiðni Veiðifélags Búðardalsá var rannsókn gerð á fiskstofni árinnar í lok júlí 1986. Hæstu markmið rannsóknanna voru eftirfarandi:

1. Rannsókn á uppeldis- og hrygningarskilyrðum fyrir lax á vatnasvæðinu.
2. Athugun á afkomu laxaseiða í ánni.
3. Leita skýringa á því að lax gengur tiltölulega stutt upp í ána.
4. Athugun á fiskveg framhjá Arnarfossi.

Sambærileg athugun hefur ekki verið gerð á ánni og var því um frumrannsókn að ræða.

## 2. UMHVERFI

Að uppruna er Búðardalsá hrein dragá. Áin á upptök sín í fjalllendi í 5-600 m hæð yfir sjó. Áin er alltöng eða um 13 km. Í ána renna nokkrar litlar ár og er þeirra stærst Hvarfdalsá sem er um 5 km og rennur hún í Búðardalsá skammt ofan við Herríðargil (Mynd 1).

Búðardalsá er nú öll fiskgeng, en 2 fiskvegir voru gerðir í ánni fyrir nokkrum árum fram hjá Arnarfossi og Sundafossi sem eru neðarlega í ánni skammt neðan við þjóðveginn (Mynd 1). Fiskvegur var sprengdur fram hjá neðri fossinum en steyptur stigi var byggður fram hjá Sundafossi. Lax er talinn eiga erfitt með að ganga upp neðri fiskveginn einkum í miklu vatni. Eftir fiskvegagerðina hefur fiskur veiðst ofan fossa en af einhverjum orsökum gengur laxinn skammt upp ána og hefur ekki orðið vart við kynþroska lax ofar en í Flúðinni um 1 km ofan við þjóðveg.


Laxaseiðum hefur verið sleppt undanfarin ár í ána í fiskræktarskyni. Í töflu 1 eru upplýsingar um sleppingarnar árin 1984-1986.

**TAFLA 1 SEIDASLEPPINGAR I BUDARDALSA 1984-1986**

<u>AR</u>	<u>FJOLDI</u>		
	<u>GÖNGUSEIÐA</u>	<u>SUMARSEIÐA</u>	<u>STOFN</u>
1984	1000	2000	Öpekktur
1985	2000	-	Öpekktur
1986	-	3500	Öpekktur

**MYND 1:**

Kort af vatnsvæði Búðardalsárs.  
Rafveiðistaðir eru sýndir með númerum.



### 3. ADFERDIR

Botngerð árinnar og straumlag var athugað með því að ganga með ánni. Slikar athuganir eru fljótlegar og segja mikil til um hrygningarskilyrði og uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði.

Seiðarannsóknir voru gerðar á 3 stöðum í ánni (Mynd 1) með rafmagnsveiðum til að afla gagna um tegundir, stofnstærð seiða og árgangastyrkleika. Við útreikning á stofnstærð var farin sú leið að umreikna seiðamagn á hverjum stað á 100 m<sup>2</sup> botnflatarmál. Heildarpéttleiki var því ekki reiknaður en það krefst mun tímafrekari aðferða.

Oll seiði sem veiddust voru lengdarmæld. Þá voru sýni tekin af hluta aflans til aldursákvarðana.

### 4. NIÐURSTÖDUR

#### 4.1 UPPELDIS- OG HRYGNINGARSKILYRDI

Búðardalsá má í grófum dráttum skipta í tvö svæði hvað botngerð og straumlag varðar, en þessir tveir þættir skipta þar mestu málí.

Efra svæðið nær frá flúðinni svonefndu og alla leið upp ána. Áin rennur þarna nær alla leiðina á samfelldum brotum. Botninn er smágrýttur til gryttur. Uppeldisskilyrðin fyrir laxaseiði eru þarna mjög góð, en þau finnast ætið í mestu magni á sliku búsvæði. Hrygningarskilyrðin eru hins végar afar rýr og má telja lítil sem engin. Engar lygnur og hylir finnast á þessu svæði og hrygningarmölina vantart.

Fyrir neðan Flúð niður að Ósi eru skilyrðin mun fjölbreyttari. Áin er viðast hvar vel grytt þannig að uppeldisskilyrði eru mjög góð og einnig er hrygningarskilyrði víða að finna.


Hvarfdalsá var skoðuð frá ármótum um 3 km fram á dal. Áin er öll svipuð, stórgrytt viðast hvar og mun lygnari en Búðardalsá. Mjög góð uppeldisskilyrði eru fyrir laxaseiði í ánni en svipað og á ebra svæði Búðardalsár eru hrygningarskilyrði lítil sem engin.

#### 4.2 HITASTIG

Engar mælingar eru til á vatnshita árinnar, en þær þarf að gera reglulega allt sumarið til að fá góða mynd af hitafari árinnar. Mælingar sem gerðar voru í lok júlí sýndu þó að Hvarfdalsá var mun hlýrri en Búðardalsá, en slikt er eðlilegt þar sem áin er tiltölulega lítil og hitnar því fljótt á sólrikum dögum.

**MYND 2:**

Lengdardreifing og aldur laxa- og urriðaseiða í Búðardalsá í lok júlí 1986.



#### 4.3 SEIDARANNSÖKNIR

Lengdardreifing og aldur veiddra seiða eftir veiðistöðum kemur fram á Mynd 2 og þéttleiki laxaseiða er sýndur í Töflu 2.

Lax var ráðandi tegund í ánni, en einnig varð vart við urriða. Almennt má segja um seiðapéttleikann að hann jókst eftir því sem neðar dró í ánni. Að efstu stöðinni (Stöð 1) veiddust þannig aðeins 2 seiði sem bæði voru upprunin úr smáseiðasleppingum. Að stöð 2 skammt ofan við Barmsgil fengust flest seiðin. Þar voru flest seiðin úr sleppingu smáseiða 1986 en seiði frá náttúrulegu klaki voru fá. Þó varð nokkuð vart við eins árs seiði (árgang 1985) og einnig veiddist eitt 4 ára seiði (árgangur 1982). Að stöð 3 skammt neðan við Flúð veiddist eingöngu seiði af náttúrulegum uppruna. Vorgömul seiði úr klaki 1986 fundust og einnig veiddist mikil af eins árs seiðum (árgangur 1985), en eitt eldra seiði (árgangur 1982) fannst einnig.

Almennt má segja að lax virðist ekki hafa hrygnt fyrir ofan Flúð og hrygning virðist því eingöngu fara fram á neðsta hluta árinnar. Seiðin dreifa sér hins vegar nokkuð upp frá hrygningastöðum við Flúðina. Þetta bendir einnig til að hrygningarskil lyrdi séu lítil ofar í ánni eins og áður kom fram og landnám laxins í ánni sækist því seint.

Einnig var athyglisvert að tveggja og þriggja ára seiði (árgangar 1984 og 1983) vantar alveg í ána. Hrygning hefur því misfarist á þessum árum af einhverjum orsökum. Gæti þetta leitt til litillar laxagöngu nú næstu árin.

#### 4.4 FISKVEGIR

Talið er að lax eigi erfitt með að ganga upp neðri fiskveginn sérstaklega í miklu vatni. Við skoðun á fiskveginum virðist þetta vera mjög liklegt. Í fiskveginn vantar hyli eða hvilustaði. Lausn á þessu yrði best fundin með því að steypa upp fiskveg með nokkrum hólfum. E.t.v. myndi nægja að sprengja 2-3 holur í fiskveginn en útkoma sprenginga er þó ætið fremur óviss jafnvel þó þær geti heppnast í sumum tilfelli.

### 5. ALYKTANIR OG RADLEGGINGAR

#### 5.1 SEIDADREIFING

Niðurstöður sýna að landnám laxins gengur hægt fyrir sig í Búðardalsá. Lax gengur ekki framar en að Flúðinni og er því mestur hluti árinnar vannýttur til seiðauppeldis fyrir ofan. Eg tel að þetta sé fyrst og fremst vegna skorts á hrygningastöðum í efri hluta árinnar, en þó er ekki útileikað að vatnshitinn sé í lægra lagi á efri hluta árinnar. Fisk-

ræktaraðgerðir ættu því að beinast að því að reyna að láta laxinn sjálfan um að nýta efra svæðið.

Skynsamlegt væri að gera tilraun til að útbúa veiðistaði ofar í ánni en við þá skapast í flestum tilfellum einnig hrygningarskilyrði. Ymsar leiðir er hægt að fara til að útbúa súlikar aðstæður og er Veiðimálastofnun tilbúin til að aðstoða við súlikar aðgerðir.

### 5.2 SEIDASLEPPINGAR

A meðan að lax nýtir ekki efra svæðið í ánni er sjálfsagt að nýta það með sleppingum sumaralinnar seiða. Þau svæði sem um er að ræða er Hvarfdalsá og Búðardalsá frá ármótum við Hvarfdalsá og fram dalinn. Heppilegt magn sleppiseiða til að gjörnyta framleiðslugetu þessara árhluta tel ég vera um 3000 seiði í Hvarfdalsá og 10.000 seiði í Búðardalsá.

Við smáseiðasleppingar ber að dreifa seiðunum mjög vel. Best er að setja seiðin í fötur og dreifa þeim síðan eins og við áburðardreifingu, fáum á hvern stað. Aldrei skal setja mikjó seiðamagn á sama staðinn því seiðin helga sér svæði um leið og þeim er sleppt og verður því fæðuframboð allt of lítið ef mörgum seiðum er sleppt á sama svæðið og getur það leitt til mikilla affalla.

Einnig er hægt að beita gönguseiðasleppingum en þær eru viðbót við náttúrulegu seiðaframleiðsluna. Ekki er ráðlegt að sleppa seiðunum beint, heldur verður að aðlaga þau í sleppiþró eða flotkví og fóðra þau í ca. 1 mánuð áður en sleppt er.

### 5.3 LAXASTOFNAR

Ef seiðasleppingar eiga sér stað á vatnasvæðið næst bestur árangur með því að stofnrækta hana, þ.e. að fá klakfisk úr ánni til undaneldis. Er það því eindregið ráðlegt að framvegis verði reynt með öllum ráðum að fá undaneldisfisk úr ánni sjálfri. Ef slikt er ekki hægt er best að fá stofn úr nálægri á, en alls ekki stofna úr öðrum landshlutum.

TAFLA 2BETTLIEIKI LAXFISKASEIDA

Fjöldi í einni yfirferð/100 m<sup>2</sup> í Búðardalsá 30.07.1986

<u>Veiðistaður</u>	<u>Svæði m<sup>2</sup></u>	<u>Lax fj/100 m<sup>2</sup></u>					<u>Urridi fj/100 m<sup>2</sup></u>				
		<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>4+</u>	<u>5+</u>	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>
Stöð 1 (Ofan við Herríðargil)	53	-	-	0.2	0.2	-	0.4	-	-	-	-
Stöð 2 (Ofan við Barmsgil)	495	22.4*	3.6	-	-	0.2	26.2	-	-	0.8	- 0.8
Stöð 3	640	0.8	8.8	-	-	0.2	9.8	-	-	0.3	- 0.3

\* : Sleppiseiði 1985